

Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P.C. Crossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P.C. Crossing

Blessun

Eftirspil

Theme from the deer hunter


Stanley Myers



Prestur: Séra Jóna Hrönn Bolladóttir
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson
Einsöngur: Valdimar Guðmundsson
Gítar: Davíð Sigurgeirsson
Kór: Voces Masculorum
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug og
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn
lokinni í Sjálandi, Ránagrund 4 í Garðabæ**

Bálför fer fram síðar



Ásmundur Karlsson

Fæddur 29. nóvember 1943

Dáinn 21. mars 2022



Útför frá Vídalínskirkju
fimmtudaginn 7. apríl 2022



Forspil

Heyr himnasmiður

Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson

Bæn

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánauð og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið!

Óskar Ingimarsson / Adrian Valerius

Þitningarlestur

Þess vegna erum við hér í kvöld

Magnús Þór Sigmundsson

Guðspjall

Einsöngur

Draumalandið

Guðmundur Magnússon / Sigfús Einarsson

Minningarorð

Einsöngur

Undir birkitré

Svavar Knútur

Bæn og Faðir vor



Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð,
Ísland í sumarsins algræna skrúði,
Ísland með blikandi norðljósa traf.
Ísland að feðranna afrekum hlúði,
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,
Íslensk er lundin með karlmennskuþor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma
Íslandi helgar þú krafta og starf
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
Íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
Íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst, meðan sól gyllir haf.

Margrét Jónsdóttir / Magnús Þór Sigmundsson

